

lífið okkar hér verði alt *jól í byrjun*. Og að það seinna verði alt *jól í fullkomnun*.

Til þess kom það — fæddist eins og barn, lifði eins og barn föðursins, og fórnaði sér eins og barn föðursins.

Svona ant er guði um, að við séum börnin hans, að hann gaf okkur þetta barn sitt, mikla jóla-barnið, til þess að við yrð-



um *fyrir það* börnin hans. Og svona ant er guði um það, að við komumst í ljósið og það verði hjart um okkur.

Hvað við ættum að vera þakklát við hann fyrir það! Og hvað við ættum að gleðjast af því að fá að vera í ljósinu hjá honum! Og hvað vænt okkur ætti að þykja um heilaga jóla-barnið, sem færði okkur ljósið og leiðir okkur í ljósið! Og hvað ant okkur ætti að vera um það að vera ætíð hjá *því* og í barna-hópnum, sem safnast saman utan um *það*!